

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2004

**Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um tónlistarsjóð. Svar við bréfi frá menntamálanefnd Alþingis dags. 20. apríl 2004.**

Ég þekki ekki forsögu þessa máls, eða þá umræðu sem mun hafa farið fram í aðdraganda að samningu þessa frumvarps. Með fyrirvara um skort á upplýsingum og innsæi leyfi ég mér að gera eftirfarandi athugasemdir:

**1) Um 1. gr.**

Hlutverki sjóðsins er lýst með svoltið óljósu orðalagi: „...að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra“. Væri e.t.v. skýrara að segja: „... að efla íslenskt tónlistarlíf með veitingu styrkja til nýsköpunar, flutnings og kynningar á íslenskri tónlist“ ?

Í athugasemd við greinina segir: „Með íslenskri tónlist er átt við tónlist sem samin er af íslenskum höfundum og tónlist sem flutt er af íslenskum flytjendum, jafnt atvinnu- sem áhugamönnum“. Íslenskur uppruni eða ríkisborgararéttur er ekki einhlítur mælikvarði á það hvort tónlist viðkomandi sé íslensk, enda er það einn höfuðstyrkur íslensks tónlistarlífs hversu alþjóðlegt það er. Nauðsynlegt er í þessu sambandi að skýra hugtakið *íslensk tónlist* með það í huga að margir fremstu tónlistarmenn landsins eru af erlendu bergi brotnir, jafnframt því sem margir íslenskir tónlistarmenn semja, flytja og kynna sína tónlist í samstarfi við erlenda tónlistarmenn.

**2) Um 2. og 3. gr.**

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði tónlistarráð með einum fulltrúa tónlistarsamtaka og tveimur fulltrúum ráðherra er geri tillögur til ráðherra um styrkveitingar úr sjóðnum samkvæmt reglum sem ráðherra setji, auk þess að vera umsagnaraðili um önnur tónlistarmálefni. Svo gamaldags og ráðstjórnarleg tillaga vekur furðu. Nær virðist vera að skipa einfaldlega sjóðstjórn yfir þennan sjóð með fulltrúum tónlistarlífsins er hafi það hlutverk að úthluta úr sjóðnum samkvæmt nánari reglum er ráðherra staðfestir.

Eðlilegt er að ráðherra leiti beint til félaga, samtaka og stofnana tónlistarlífsins eftir umsögn um einstök tónlistarmálefni samkvæmt eðli þeirra, eða til heildarsamtaka á borð við Tónlistarráð Íslands.

**3) Almenn athugasemd**

Markmið með stofnun tónlistarsjóðs virðist fyrst og fremst vera að einfalda núverandi fyrirkomulag styrkveitinga til tónlistarlífsins en ekki að auka þær. Ekki kemur skýrt fram í athugasemdum hvaða útgjaldaliðum verði safnað undir tónlistarsjóð, en þær upplýsingar eru forsenda þess að hægt sé að gera sér nánari grein fyrir áhrifum þessarar breytingar.

Virðingarfyllst,

Bjarni Daniélsson, óperustjóri